

Mánudaginn 30. mars 1998.

Nr. 88/1998.

**Jón Jóhann Jóhannsson og  
Ingibjörg Þengilsdóttir**

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

**Birni Kjartanssýni og  
Svölu Árnadóttur**

(Tryggvi Gunnarsson hrl.)

Kærumál. Innsetningargerð. Umferðarréttur. Kvöð.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 10. febrúar 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 25. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. janúar 1998, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um, að þeim yrði með innsetningargerð veittur umferðarréttur með nánar tilteknum hætti um jörð varnaraðila, Fitjakot í Kjalarneshreppi, að spildu sinni úr landi jarðarinnar, svonefndum Perluhvammi. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðilar krefjast þess að verða sett inn í endurgjaldslausan og óhindraðan umferðarrétt um land Fitjakots af safnvegi, sem liggur frá Vesturlandsvegi að Leirum, eftir vegi, sem liggur skáhallt út af safnveginum að landareign þeirra, Perluhvammi, að svo miklu leyti sem sá vegur er í landi varnaraðila. Sóknaraðilar krefjast þess einnig, að hindranir, sem varnaraðilar hafa sett á síðastnefndan veg, verði fjarlægðar á kostnað þeirra. Þá krefjast sóknaraðilar málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur og sóknaraðilar dæmdir til að greiða kærumálskostnað.

Dómendur í málinu hafa gengið á vettvang með aðilum og málflytjendum þeirra.

### **I.**

Fyrirnefndur safnvegur liggur frá Vesturlandsvegi rétt fyrir vestan brúna yfir Leirvogsa að heimreið til Fitjakots og þaðan áfram til

vesturs og suðurs fram hjá landspildu sóknaraðila. Frá horni landspildunnar að norðaustanverðu eru nálægt 25 metrar að safnveginum, en næst kemur hann landspildunni rétt við norðvesturhorn hennar, í um tveggja metra fjarlægð. Vegurinn, sem kröfur sóknaraðila lúta að, greinist frá safnveginum í landi varnaraðila í um 50 metra fjarlægð frá norðausturhorni landspildu sóknaraðila. Frá vegamótunum eru um 40 metrar eftir umræddum vegi að mörkum lands varnaraðila og Hákonar Jóhannssonar og Ernu Hákonardóttur. Tíu síðustu metrana að spildu sóknaraðila liggur vegurinn í landi Hákonar og Ernu, sem hafa viðurkennt fyrir sitt leyti umferðarrétt sóknaraðila um veginn með dómsátt 31. október 1997. Varnaraðilar hafa hins vegar sett hindranir á veginn innan marka lands síns og tálmað þannig umferð sóknaraðila um hann.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, var safnvegurinn lagður af Vegagerð ríkisins í það horf, sem að framan er lýst, á árunum kringum 1974. Áður en þetta var gert, lá vegur eða slóð frá heimreiðinni við Fitjakot að og meðfram landspildunni, sem nú er eign sóknaraðila. Virðist safnvegurinn hafa verið lagður að þó nokkru leyti í eldra vegarstæðið, svo sem ráðið verður af fram lagðri loftmynd af svæðinu frá 3. september 1970 og uppdrætti frá febrúar 1971, sem fylgt hefur heimildarskjölum við þinglýsingu. Frá því er þó undantekning, að því er varðar legu safnvegarins í námunda við norðausturhorn landspildu sóknaraðila. Af fyrrnefndum uppdrætti virðist helst mega ráða, að eldri vegur eða slóð hafi legið nánast að norðausturhorni landspildunnar, þar sem heimreið inn á hana greindist af veginum, en vegurinn hafi síðan haldið áfram eftir mörkum spildunnar að norðanverðu og þaðan til suðurs. Eftir þessu að dæma var eldri vegurinn eða slóðin á sama stað innan marka landsins, sem nú er í eigu varnaraðila, og sá vegur, sem kröfur sóknaraðila beinast að.

Í meginatriðum snýst ágreiningur í málinu um, hvort sóknaraðilar verði að hlíta því að eiga aðgang að landspildu sinni frá safnveginum við norðvesturhorn hennar, svo sem varnaraðilar telja, eða hvort sóknaraðilar eigi rétt til umferðar um sömu leið og eldri vegur eða slóð lá innan marka lands varnaraðila af safnveginum í átt að norðausturhorni landspildunnar.

## II.

Af gögnum málsins verður ráðið, að hluta landsins, sem nú er eign sóknaraðila, hafi fyrst verið skipt úr landi Fitjakots með leigusamningi 9. júlí 1932. Eigandi Fitjakots afsalaði síðan 12. júní 1940 leigutökunum 2,92 hektara landspildu úr landi sínu. Verður að ætla, að þetta hafi í heild eða að hluta verið sama landspildan og áður var leigð afsalshöfunum. Af uppdrætti, sem fylgdi afsalinu, verður ráðið, að hús hafi þá verið komið á spilduna, og var það auðkennt með heitinu Perluhvammur.

6. ágúst 1961 gaf eigandi Fitjakots út afsal til annars manns fyrir þremur landspildum úr jörðinni. Tvær þeirra, samtals 0,38 hektarar að stærð, voru sagðar vera austan og suðaustan við þáverandi land Perluhvamms. Þriðja spildan, sem var einn hektari að stærð, var hins vegar vestan við land Perluhvamms og utan þess svæðis, sem ágreiningur í máli þessu varðar. Í þessu afsali var meðal annars sfofellt ákvæði: „Kaupandi skal hafa endurgjaldslausan óhindraðan umferðarrétt um land Fitjakots af þjóðvegi að hinum seldu landspildum.“

Eigandi síðastnefnds lands og eigendur Perluhvamms gerðu samning 19. desember 1961, þar sem þeir höfðu að nokkru leyti skipti á landspildum. Eigendur Perluhvamms létu af hendi 1,6 hektara á suðvesturhluta lands síns, en fengu í staðinn spildurnar tvær, samtals 0,38 hektara, austan og suðaustan við þáverandi land sitt. Virðast mörk landsins síðan hafa verið óbreytt. Fyrirnefnd horn á landspildunni að norðaustan og norðvestan eru á útjaðri lands, sem kom í hlut eigenda Perluhvamms með samningnum 19. desember 1961.

Varnaraðilar munu hafa keypt Fitjakot árið 1970. Í afsali til þeirra 20. apríl 1971 sagði meðal annars: „Kaupendum er kunnugt um nærliggjandi séreignir úr Fitjakotslandi og umferðarrétt eigenda þeirra um veg, sem liggur frá þjóðveginum að Fitjakoti, og lofa þeir að torvelda ekki umferð þeirra um veginn, enda eiga kaupendur að sjálf-sögðu umferðarrétt um veg þennan frá þjóðvegi að Fitjakoti.“

Sóknaraðilar fengu afsal fyrir landspildu sinni 28. júlí 1993. Þau hafa ekki andmælt þeirri staðhæfingu varnaraðila, að hús, sem stóð á landspildunni, hafi eyðilagst í óveðri árið 1972. Mun annað hús ekki hafa verið reist þar eftir það.

## III.

Með áður tilvitnuðu ákvæði í afsali 6. ágúst 1961 skuldbatt þáverandi eigandi Fitjakots sjálfan sig og þá, sem síðar leiða rétt sinn frá honum, til að veita endurgjaldslausan og óhindraðan umferðarrétt um jörðina að landspildu, sem myndar nú norðurmörk landareignar sóknaraðila. Þótt áðurgreind fyrirmæli í afsali varnaraðila frá 20. apríl 1971 feli hugsanlega í sér ráðagerð um umferðarrétt, sem gengur skemmra en hér um ræðir, leysir það ekki varnaraðila undan þeim réttindum, sem fyrri eigandi Fitjakots hafði veitt öðrum með þinglýstu heimildarbréfi. Verður því að líta svo á, að umferðarréttur handa sóknaraðilum um land varnaraðila eigi sér stoð í afsalinu frá 6. ágúst 1961.

Eins og málið liggur fyrir, verður að miða við, að framangreindur réttur samkvæmt afsalinu 6. ágúst 1961 hafi verið virtur með aðgangi rétthafans að vegi eða slóð í landi Fitjakots, sem lá fram til áranna kringum 1974 meðal annars á sama stað og vegurinn, sem kröfur sóknaraðila snúa að. Með því telst umferðarrétturinn hafa í reynd verið skilgreindur nánar en mælt var fyrir um í afsalinu og bundinn þannig við tiltekna leið að norðausturhorni landskikans, sem nú er eign sóknaraðila. Eru varnaraðilar við það bundin, nema þau sýni fram á atvik, sem leysi þau undan þeirri kvöð.

Varnaraðilar bera því meðal annars við, sem áður segir, að sóknaraðilar geti nú átt aðgang að landspildu sinni við norðvesturhorn hennar, þar sem safnvegur liggur næst henni, svo sem áður er lýst. Verður að líta svo á, að varnaraðilar telji sig af þessum sökum laus undan upphaflega umferðarréttinum að landskika sóknaraðila. Í sambandi við þetta verður að líta til þess, að miðað við fyrirbyggjandi gögn liggur landskiki sóknaraðila ekki að safnveginum. Þar sem því er komist næst, skammt frá norðvesturhorni landskikans, er bil á milli hans og safnvegarins á landi, sem tilheyrir ekki aðilum málsins. Það er því ekki á valdi varnaraðila að veita sóknaraðilum rétt til umferðar þar inn á landskika sinn. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki fallist á, að varnaraðilar geti af þessum sökum talist laus undan umferðarrétti að landskika sóknaraðila. Af sömu ástæðum getur ekki heldur komið til álita, að hinn umdeildi umferðarréttur um land varnaraðila að landskika sóknaraðila sé fallinn niður vegna notkunarleysis, eftir að hús eyðilagðist á skikanum, enda hafa

varnaraðilar ekki sannanlega vísað eigendum hans á aðra aðgangsléið, sem þau hafi forræði á og eigendurnir sætt sig við í orði eða verki.

Þá hafa varnaraðilar einnig borið fyrir sig, að þegar þau heimiluðu Vegagerð ríkisins að leggja safnveg um land sitt, hafi eldri vegarslóð fallið til þeirra sem landeigenda. Hafi þau mátt treysta því, að umferð um land þeirra yrði óbreytt, því að með safnveginum hafi þá verið fullnægt umferðarrétti til annarra landareigna. Um þessa málsástæðu verður að taka tillit til þess, að samkvæmt áðurgreindu verður ekki litið svo á, að sóknaraðilar geti komist að landskika sínum af safnveginum. Við gerð safnvegarins stofnaðist jafnframt réttur handa varnaraðilum til greiðslu fyrir land, sem undir hann fór. Án tillits til þess, hvort þau nýttu sér þann rétt, hvíldi eftir sem áður sú kvöð á jörð þeirra, að um hana naut eigandi landskikkans, sem nú tilheyrir sóknaraðilum, endurgjaldslaus umferðarréttar. Geta varnaraðilar því ekki losnað undan kvöð vegna umferðarréttarins með vísan til þess, að eldri umferðarleiðin hafi orðið eign þeirra við lagningu safnvegarins.

Miðað við staðhætti á vettvangi verður ekki séð, að efni séu til að fallast á þá staðhæfingu varnaraðila, að umferð um þann veg, sem kröfur sóknaraðila beinast að, geti haft í för með sér sérstaka hættu fyrir varnaraðila eða aðra vegfarendur.

Samkvæmt öllu því, sem að framan greinir, verða varnaraðilar ekki talin hafa sýnt fram á atvik, sem geti leyst land þeirra undan kvöð um umferðarrétt samkvæmt afsali 6. ágúst 1961, svo sem hún er hér áður skýrð. Verður því tekin til greina krafa sóknaraðila um innsetningargerð, eins og nánar greinir í dómsorði.

Rétt þykir, að aðilar beri hver sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Heimilt er með aðfarargerð að setja sóknaraðila, Jón Jóhann Jóhannsson og Ingibjörgu Þengilsdóttur, inn í endurgjaldslausan og óhindraðan umferðarrétt um land varnaraðila, Björns Kjartanssonar og Svölu Árnadóttur að Fitjakoti í Kjalar-neshreppi, af safnvegi frá Vesturlandsvegi að Leirum eftir

vegi, sem liggur skáhallt út af safnveginum að landskika sóknaraðila, Perluhvammi, svo og að fjarlægja af þeim vegi hindranir, sem varnaraðilar hafa komið þar fyrir.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

### Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. janúar 1998.

#### I.

Mál þetta, sem þingfest var 10. nóvember sl., var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 19. janúar sl.

Gerðarbeiðendur, Jón Jóhann Jóhannsson, kt. 120257-4639, og Ingibjörg Pengilsdóttir, kt. 270957-3079, bæði til heimilis að Grýtubakka 18, Reykjavík, krefjast dómsúrskurðar um, að þau verði sett inn í endurgjaldslausan og óhindraðan umferðarrétt um land Fitjakots af safnveginum frá Vesturlandsvegi að Leirum og að landareign sinni, Perluhvammi, eftir vegi, sem liggur skáhallt á safnveginum, að svo miklu leyti sem vegurinn liggur á landi gerðarþola, og að hindranir, sem gerðarþolar hafa lagt á veginn, verði fjarlægðar á kostnað gerðarþola. Þá krefjast þau málskostnaðar.

Gerðarþolar, Björn Kjartansson, kt. 031235-3409, og Svala Árnadóttir, kt. 011239-3669, bæði til heimilis að Fitjakoti, Kjalarneshreppi, krefjast þess aðallega, að kröfum gerðarbeiðenda verði hafnað. Fallist héraðsdómur á kröfur gerðarbeiðenda, krefjast gerðarþolar þess til vara, að kveðið verði á um það í úrskurði dómsins, að málskot hans fresti framkvæmd, þar til dómur æðra dóms liggur fyrir. Þá gera gerðarþolar kröfu um málskostnað.

#### II.

Með afsali 26. júní 1937 seldi Ingimar Brynjólfsson Davíð, Gyða og Erlu Scheving Thorsteinsson sumarbústað ásamt lóðarréttindum í landi Fitjakots á Kjalarnesi. Með afsali 12. júní 1940 seldi Jón Valfells sömu aðilum landspildu úr landi Fitjakots, 2,92 hektara að stærð. Hinn 6. ágúst 1961 seldi Ingólfur Gíslason Hauki Gröndal m. a. tvær spildur úr landi Fitjakots, er liggja við land Perluhvamms, aðra 0,30 hektara og hina 0,08 hektara. Í afsalinu segir, að kaupandi skuli hafa „endurgjaldslausan óhindraðan umferðarrétt um land Fitjakots af þjóðvegi að hinum seldu landspildum“.

19. desember 1961 gerðu Erla, Gyða og Davíð Scheving Thorsteinsson og Haukur Gröndal, sem áttu samkvæmt afsölum 12. júní 1940 og 6. ágúst 1961 sumarbústaðalönd úr landi jarðarinnar Fitjakots, samtals 4,30 hektara (0,30, 1,02, 0,30, 0,08, 1,60) (?), makaskiptasamning, sem þau kalla svo. Þar segir, að Erla, Gyða og Davíð eigi sameiginlega landspildurnar, sem fylgja sumarbústaðnum Perluhvammi, þ. e. 0,30 ha, 1,02 ha, 0,30 ha, og 0,08 ha, samtals 1,70 ha, og eru þessar spildur allar norðaustan markalínu, sem dreg-

in er með rauðu striki á meðfylgjandi uppdrætti. Svo segir, að Haukur Gröndal eigi spildurnar, sem fylgja sumarbústaðnum Sólbakka, þ. e. 1,60 ha og 1 ha, alls 2,60 ha, og liggja suðvestan markalínunnar á viðfestu korti.

Með afsali 18. maí 1968 seldu Davíð, Erla og Gyða 1/4 hluta húseignarinnar Perluhvamms Gunnari Scheving Thorsteinsson, svo að þá áttu þau hvert um sig fjórðung eignarinnar. Með afsali 28. júlí 1993 seldu Davíð, Erla, Gunnar og Gyða gerðarbeiðendum landspildur, er fylgdu sumarbústaðnum Perluhvammi, 1,70 ha.

Gerðarþolar festu kaup á lögbylinu Fitjakoti árið 1970 af Sigmundi Kr. Sigmundssyni, og var afsal gefið út 20. apríl 1971. Kveðast gerðarþolar hafa búið þar síðan 1970. Í því afsali segir m. a.: „Kaupendum er kunnugt um nærliggjandi séreignir úr Fitjakotslandi og umferðarrétt eigenda þeirra um veg, sem liggur frá þjóðveginum að Fitjakoti, og lofa þeir að torvelða ekki umferð þeirra um veginn, enda eiga kaupendur að sjálfsögðu umferðarrétt um veg þennan frá þjóðvegi að Fitjakoti.“

Með afsali 31. desember 1980 keyptu gerðarþolar viðbótarland af Sigmundi Kr. Sigmundssyni, en í því afsali er ekki talað um umferðarrétt.

Gerðarþolar kveða einungis safnveg hafa legið að Fitjakoti, þegar þau keyptu umrætt landsvæði. Síðan hafi tekið við moldarslóði, sem starfsmenn vegagerðarinnar hafi farið um til að komast í malargryfju í landi Sólbakka. Árið 1974 hafi gerð safnvegarins verið fram haldið af vegagerðinni og hann lagður áfram frá Fitjakoti að Fitjum, en auk þess hafi verið gerð aðkoma af safnveginum að Perluhvammslandi. Við þessar framkvæmdir hafi safnvegurinn verið færður norðar í landið, og eftir það hafi umferð um land gerðarþola farið um safnvegin.

Gerðarþolar kveða gerðarbeiðendur hafa árið 1996 hafið framkvæmdir á lóð sinni. Hafi þau grafið upp úr landi sínu og ætlað sér að gera afleggjara frá landi sínu að safnveginum um land Hákonar Jóhannssonar, en hann hafi neitað þeim um þetta. Þá hafi gerðarbeiðendur ætlað að stytta sér leið að landi sínu um land gerðarþola og fara eftir hinum gamla slóða vegagerðarinnar. En gerðarþolar hafi neitað þeim um það, þar sem þeir töldu gerðarbeiðendur ekki hafa heimild til þess, enda kæmust þeir að landi sínu um safnvegin.

### III.

Gerðarbeiðendur vísa til 78. gr. aðfararlaga nr. 90/1989 um rekstur máls þessa sem innsetningarmáls án undangengins dóms eða sáttar. Samkvæmt ákvæðinu sé það skilyrði sett fyrir beitingu reglunnar, að manni sé með ólögætum hætti aftrað frá að neyta réttinda, sem hann eigi og geti sannað

með sýnilegum sönnunargögnum. Telja gerðarbeiðendur rétt sinn óumdeildan og geti sannað það með fram lögðum skjölum.

Rétt sinn til umferðar um land gerðarþola styðja gerðarbeiðendur við afsal 6. ágúst 1961, þar sem þáverandi eigandi Fitjakots, Ingólfur Gíslason, hafi afsalað Hauki Gröndal lóðarspildu með endurgjaldslausum og óhindruðum umferðarrétti um land Fitjakots. Þessi réttur hafi ekki verið aftur tekinn, og hafi gerðarbeiðendur fengið umferðarrétt þennan framseldan sem síðari afsalshafar. Þau eigi því óumdeilanlega umferðarrétt um land gerðarþola, en slíkur umferðarréttur sé verndaður af eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og verði ekki af þeim tekinn. Þetta styðjist einnig við afsal, sem gerðarþolar reisi rétt sinn á, enda komi þar fram, að þeim sé kunnugt um umferðarrétt til aðliggjandi eigna, auk loforðs um að torvelda ekki þessa umferð.

Á teikningu í gögnum málsins sé vegarslóðinn mældur í hnitakerfi Reykjavíkur, og sé fyrsta mæling í miðpunkti 19 með hnitin X10756.444 Y22920.438 og þaðan í gegnum miðpunkt 18, 17, 16 og endi í miðpunkti 15 á landamerkjum gerðarþola og Hákonar Jóhannssonar með hnitin X10772.660 Y22892.002.

Gerðarbeiðendur kveða umferð að landi Perluhvamms fara eftir safnvegi, sem liggir frá Vesturlandsvegi að Leirum, og samkvæmt teikningum, sem liggja fyrir í málinu, hafi safnvegurinn legið upphaflega í boga við land gerðarbeiðanda, en verið færður fyrir einhverjum áratugum. Hafi eigendur Perluhvamms hins vegar haldið áfram að nota þann hluta af gamla safnvegnum, sem legið hafi að landi þeirra. Sé því ljóst, að umferðarréttur þeirra hafi verið hinn sami frá árinu 1937. Gerð sé því krafa um innsetningu í umferðarrétt, sem hafi verið óbreyttur um áratugaskeið og því m. a. verndaður samkvæmt reglum um hefð.

Gerðarbeiðendur kveða þá háttsemi gerðarþola að banna gerðarbeiðendum umferð að landi sínu og leggja farartæki á vegarstæðinu vera ólög-mæta, enda komi hún í veg fyrir, að gerðarbeiðendur geti neytt réttinda sinna. Sé þeim því nauðugur einn kostur að krefjast innsetningar í rétt sinn til að stöðva heimildarlausu og þar með ólög-mæta hindrun á rétti, sem njóti verndar lögum samkvæmt.

#### IV.

Gerðarþolar reisa kröfu sína um, að kröfum gerðarbeiðenda verði hafnað, á því, að réttur gerðarbeiðenda til umferðar um land gerðarþola sé ekki ljós og ótvíræður, og þar með séu ekki uppfyllt skilyrði 1. mgr. 78. gr. að-fararlaga. Þá sé að minnsta kosti uppi slíkur vafi um réttmæti umráðakröfu

gerðarbeiðenda, að henni beri að hafna samkvæmt lokaákvæði 83. gr. sömu laga.

Styðji gerðarbeiðendur umferðarrétt sinn annars vegar ákvæðum afsals frá 6. ágúst 1961 og afsals til gerðarþola 20. apríl 1971, og hins vegar því, að umferðarréttur hafi stofnast á grundvelli hefðar. Hinn 6. ágúst 1961 hafi Ingólfur Gíslason, þáverandi eigandi Fitjakots, afsalað Hauki Gröndal tveimur spildum úr landi jarðarinnar, er liggja austan og suðaustan við land Perluhvamms. Í afsalinu hafi verið tekið fram, að kaupandi skyldi hafa endurgjaldslausan óhindraðan umferðarrétt um land Fitjakots af þjóðvegi að hinum seldu landspildum. Sigmundur Kr. Sigmundsson hafi síðan eignast Fitjakot með afsali 22. mars 1969 og selt gerðarþolum jörðina 1970. Í afsalinu til gerðarþola sé ákvæði það, sem að framan var rakið.

Gerðarþolar kveða orðalag greindra afsala ekki hið sama. Samkvæmt orðalagi afsals til gerðarþola veiti þau einungis einn umferðarrétt um land sitt, og nái sá réttur til umferðar að Fitjakoti. Umferðarréttur, sem gerðarþolar taki á sig samkvæmt afsali sínu, sé nákvæmari en sá umferðarréttur, sem þáverandi eigandi Fitjakots veitti Hauki Gröndal í afsali til hans 6. ágúst 1961. Gerðarbeiðendur leiði rétt sinn til umferðar um land gerðarþola af ákvæðum greindra afsala.

Í niðurlagi ákvæðisins í afsali til gerðarþola segi, að gerðarþolar skuli einnig eiga umferðarrétt um veg frá þjóðvegi að Fitjakoti. Af þessu megi ráða, að gerðarþolar skyldu láta í té umferðarrétt, enda ættu þau sama rétt til umferðar og aðrir. Nú eigi þau umferðarrétt um safnveginn á sama hátt og gerðarbeiðendur. Orðalag afsalsins um umferðarrétt beri því að skýra heildstætt, en ekki slíta það í sundur, eins og gerðarbeiðendur vilji gera.

Umrætt ákvæði í afsali gerðarþola beri einnig að skýra í ljósi aðstæðna á þeim tíma, er kaupin voru gerð. Orðalag afsalsins: „frá þjóðvegi að Fitjakoti“ –, eigi rót sína að rekja til þess, að enginn vegur hafi legið lengra en að Fitjakoti. Síðan hafi tekið við slóði, sem starfsmenn vegagerðarinnar hafi ekið eftir til að komast í gryfju í landi Sólbakka að ná í efni til vegagerðar. Vegagerðin hafi síðan hafið framkvæmdir í kringum árið 1974, og hafi safnvegurinn verið lagður áfram frá Fitjakoti að Fitjum og færður norðar í landið. Eigendur Perluhvamms hafi því getað farið um safnveginn í gegnum land gerðarþola að landi sínu. Aðkoma hafi einnig verið gerð af safnveginum að landi Perluhvamms.

Gerðarþolar kveða vegagerðina, sem sé opinber aðili, hafa gripið inn í með lagningu safnvegur, en samkvæmt vegalögum nr. 45/1994 teljist safnvegur vera vegur, sem tengi saman einstök býli við stofn- eða tengivegi, sbr. 2. mgr. 8. gr. laganna. Gerðarþolar veiti því umferðarrétt um land sitt. Með

Því sé skilyrði um umferðarrétt nærliggjandi eigna fullnægt. Gerðarþolar eigi því ekki að þurfa að þola það, að gerðarbeiðendur krefjist nú að fá annan umferðarrétt að Perluhvammi en þau hafi nú. Megi í því sambandi vísa til meginreglu íslensks réttar um friðhelgi eignarréttarins og þeirrar aðalreglu, að öðrum en landeiganda sé bannað að nýta landsgæði.

Gerðarþolar vísa einnig til þess, að sé vegur lagður um land manns, þar sem skipulag sé ekki í gildi, beri vegagerðinni að sjá honum fyrir óhindruðum aðgangi að vegi frá landareign sinni, sbr. 32. gr. vegalaga. Skuli landeigandi birta vegagerðinni kröfu sína í þessu efni, áður en vegurinn sé fullgerður á þeim stað, sem hann vilji hafa aðgang að, og skuli aðgangur gerður þar eða svo nálægt sem kostur sé. Sams konar ákvæði sé einnig að finna í 74. gr. vegalaga nr. 6/1977 og 80. gr. vegalaga nr. 23/1980. Í samræmi við fyrrgreind ákvæði vegalaga hafi verið gerður aðgangur að landi gerðarbeiðanda frá safnveginum og þá væntanlega í samræmi við óskir þáverandi eiganda landsins. Gerðarþolar eigi því ekki að þurfa að líða fyrir það, að gerðarbeiðendur vilji nú komast að landi sínu með öðrum hætti en fyrri eigendur.

Gerðarþolar hafi heimilað vegagerðinni að leggja safnveginn um land þeirra frá Fitjakoti að Fitjum. Við það hafi slóðinn fallið til þeirra sem landeigenda og þau mátt treysta því, að umferð um land þeirra yrði óbreytt, enda skilyrði um umferðarrétt til annarra séreigna fullnægt.

Í afsali 31. desember 1980 og afsali til gerðarbeiðenda 28. júlí 1993 sé ekkert tekið fram um umferðarrétt eigenda, enda óþarft, þar sem umferð sé fær um opinberan veg að landi gerðarbeiðenda. Ef það hefði verið ætlunin að veita þeim einhvern annan umferðarrétt en um safnveginn, hefði það verið tekið fram í afsali. Það, sem þau ætli sér að gera, sé að stytta sér leið að landi sínu skáhallt í gegnum land gerðarþola. Ljóst sé, að það myndi valda mikilli hættu og óþægindum íbúum að Fitjakoti, ef heimiluð yrði umferð ökutækja af safnveginum um land þeirra auk skerðingar á beinni afnotaheimild gerðarþola af eign sinni. Við færslu safnvegarins hafi ráðið það mat manna, að það yrði til hagsbóta öðrum landeigendum og umferð yrði greiðfærari, enda mjög snjópungt þar, sem gamli slóðinn var. Auk þess hafi sjónarmið um umferðaröryggi og almannaheill væntanlega ráðið miklu, enda safnvegurinn færður fjar íbúðarhúsinu að Fitjakoti. Verði gerðarbeiðendum heimilað að aka af safnveginum skáhallt í gegnum land gerðarþola, sé ljóst, að það geti haft töluverða hættu í för með sér, bæði fyrir gerðarþola og aðra vegfarendur.

Gerðarbeiðendur styðji rétt sinn jafnframt því, að umferðarréttur um land gerðarþola hafi verið óbreyttur frá árinu 1937 og njóti verndar á

grundvelli reglna um hefð. Þessu hafna gerðarþolar eindregið, enda hafi gerðarbeiðendur ekki lagt fram nein gögn staðhæfingu þessari til stuðnings. Vegslóðinn, sem gerðarbeiðendur krefjast umferðar um, hafi örsjaldan verið farinn, en um moldarslóða hafi verið að ræða, sem vegagerðin hafi nýtt til að komast að malarnámu í landi Sólbakka einu sinni á ári. Þá hafi enginn farið þar um, síðan safnvegurinn hafi verið færður. Enn fremur taka gerðarþolar fram, að ekki hafi verið föst búseta í Perluhvammi frá a. m. k. 1972, en þá hafi sumarbústaður, sem þar stóð, eyðilagst í óveðri. Það séu gerðarbeiðendur, sem hafi sönnunarbyrði fyrir því, að notkun hafi verið stöðug og staðið yfir fullan hefðartíma, og séu strangar kröfur gerðar til sönnunar í tilvikum sem þessum. Þar sem gerðarbeiðendur hafi ekki lagt fram nein gögn til að færa sönnur á óslitna notkun slóðans og ekki verði leyst úr ágreiningi þessum með vitnaleiðslum, sé ljóst, að skilyrði 78. gr. aðfararlaga um, að sönnur verði færðar á rétt gerðarbeiðenda með gögnum, sem aflað verður samkvæmt 83. gr. laganna, sé ekki uppfyllt.

Fyrir liggir, að verði kröfur gerðarbeiðenda teknar til greina, muni þau aka um land gerðarþola með tilheyrandi átroðningi og skemmdum á landi þeirra, sem ekki verði bætt úr nema að litlu leyti með skaðabótum. Það sé því krafa gerðarþola, að kveðið verði á um það í úrskurði um innsetningu, að framkvæmd úrskurðarins frestist, þar til dómur æðra dóms liggir fyrir, sbr. 3. mgr. 84. gr. aðfararlaga.

## V.

Í málinu krefjast gerðarbeiðendur þess, að þau verði sett inn í umferðarrétt um land gerðarþola að Fitjakoti, nánar tiltekið af safnveginum frá Vesturlandsvegi að Leirum, og að landareign sinni, Perluhvammi, eftir vegi, sem liggur skáhallt á safnveginum, að svo miklu leyti sem vegurinn liggur á landi gerðarþola, og að hindranir, sem gerðarþolar hafa lagt á veginn, verði fjarlægðar á kostnað gerðarþola, allt eins og rakið hefur verið.

Gerðarbeiðendur reisa rétt sinn á ákvæðum í tveimur afsölum, og voru þau rakin hér að framan. Samkvæmt hinu fyrra var kaupanda veittur endurgjaldslaus og óhindraður umferðarréttur um land Fitjakots af þjóðvegi að hinum seldu landspildum. Gerðarbeiðendur eiga nú þessar landspildur. Í síðara afsalinu, sem er til gerðarþola fyrir hluta af landi Fitjakots ásamt húsum, segir, að kaupendum sé kunnugt um nálægar séreignir úr Fitjakotslandi og umferðarrétt eigenda þeirra um veg, sem liggir frá þjóðveginum að Fitjakoti, og lofa þeir að torvelða ekki umferð þeirra um veginn, enda eigi kaupendur að sjálfsögðu umferðarrétt um veg þennan frá þjóðvegi að Fitjakoti.

Í þessu máli er til úrlausnar, hvort gerðarbeiðendur eigi umferðarrétt um

hinn tiltekna veg, sem lýst var hér að framan, en ekki, hvort þeir eigi umferðarrétt um land gerðarþola að sínu landi. Í hvorugu framangreindra afsala er nefnd leiðin, sem gerðarbeiðendur eiga umferðarrétt um að landi sínu um land gerðarþola, og í hinu síðarnefnda er raunar aðeins talað um umferðarrétt að Fitjakoti. Gerðarbeiðendur hafa þannig ekki sýnt fram á, að réttur þeirra til umferðar um nefndan veg sé svo ljós, að þeir verði settir inn í umráð hans á grundvelli þeirra gagna, sem lögð hafa verið fram í málinu. Verður kröfu þeirra því hafnað, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu gerðarbeiðenda er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

---